

## Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Norðurlands vestra 13. desember 2006 í máli nr. E-139/2006:

**Craig Anthony Cledhill**

*(Jónas Þór Jónasson hdl.)*

**gegn**

**Skipeyri ehf.**

*(Guðmundur Ágústsson hdl.)*

### I

Mál þetta var tekið til dóms 24. október sl.

Stefnandi er Craig Anthony Cledhill, Hlíðarvegi 15, Siglufirði.

Stefndi er Skipeyri ehf. Suðurbraut 23, Hofsósi.

### Dómkröfur

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 1.714.921 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 418.134 krónum frá 15. desember 2005 til 15. janúar 2006, af 819.312 krónum frá þeim degi til 5. febrúar 2005 en af 1.378.526 krónum frá þeim degi til 15. febrúar 2006, af 1.531.423 krónum frá þeim degi til 15. mars 2006 en af 1.714.921 krónu frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda en til vara að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar. Í báðum tilfellum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda.

### II

#### Málavextir

Að sögn stefnanda hóf hann störf hjá stefnda hinn 15. október 2005 sem háseti á bátnum Sindra ÞH-400 (áður Kristinn Friðrik ÞH-400). Báturinn, sem er dragnótabátur, landaði afla sínum einkum á Hofsósi. Að sögn stefnanda var ekki gerður við hann ráðningarsamningur þrátt fyrir lagaskyldu stefnda til að gera slíkan samning. Að sögn stefnanda starfaði hann hjá stefnda frá 15. október 2005 allt til 5. febrúar 2006 en þá hafi bátnum verið lagt tímabundið og útgerð hætt.

Stefndi kveðst hafa ráðið stefnanda til starfa hinn 12. október 2005 en hann hafi farið í sína fyrstu veiðiferð 26. sama mánaðar. Stefnandi hafi verið við störf fram til 10. desember 2005 en þá hafi hann farið til Englands. Ekki hafi verið von á honum aftur enda hafi hann átt við alvarleg áfengisvandamál að stríða. Stefnandi hafi komið um miðjan janúar 2006 og óskað eftir endurráðningu. Skipstjóri hafi ráðið hann til starfa með ákveðnum skilyrðum sem stefnandi hafi ekki uppfyllt. Undir lok janúar 2006 hafi tekist að koma honum í áfengismeðferð og þar hafi hann verið í einn til tvo mánuði en eftir það hafi hann farið af landi brott.

Af hálfu stefnda er viðurkennt að skiptakjör stefnanda og annarra skipverja hafi ekki verið í samræmi við kjarasamninga. Meðlimir áhafnarinnar hafi samþykkt að ákveðið hlutfall af aðkeyptum kvóta yrði dregið frá áður en aflahlut var skipt milli útgerðar og áhafnar. Þetta hafi verið gert til að mögulegt væri að halda skipinu til veiða og þannig hafi atvinna áhafnarinnar verið tryggð. Á þessum tíma hafi kvótaverð verið hátt en fiskverð lágt. Stefnandi eða aðrir í áhöfn hafi ekki gert athugasemdir við þetta fyrirkomulag, hvorki í upphafi ráðningar né við slit hennar.

### III

#### Málsástæður og lagarök

Stefnandi heldur því fram að hann hafi verið vanhaldinn í launum á ráðningartíma sínum og einungis fengið greiddar 392.213 krónur fyrir vinnu sína. Stefnandi byggir mál sitt á því að hann hafi ekki fengið uppgjör vegna starfa sinna um borð í Sindra ÞH-400 í samræmi við ákvæði laga og kjarasamninga og bendir í því sambandi m.a. á niðurstöðu Verðlagsstofu skiptaverðs um uppgjörshætti stefnanda á aflahlut bátsins tímabilið október til desember 2005.

Verðlagsstofa skiptaverðs hafi rannsakað uppgjörshætti stefnda, m.a. fyrir tímabilið október til desember 2005. Þá hafi komið í ljós að töluvert vantaði upp á réttan aflahlut. Miðar stefnandi aflahlut sinn fyrir þá mánuði við útreikninga Verðlagsstofu skiptaverðs. Í þessu sambandi vísar stefnandi til dóms Hæstaréttar í máli nr. 130/2001 en þar komi fram að útreikningar Verðlagsstofu skiptaverðs skuli teljast réttir nema að sýnt sé fram á annað með óyggjandi hætti.

Stefnandi heldur því fram að með fyrirvaralausri ákvörðun stefnda um að hætta útgerð Sindra ÞH-400 hafi stefndi slitið ráðningu stefnanda með ólögmatum hætti, sbr. m.a. kjarasamning SSÍ og LÍÚ og dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 340/2000. Með vísan til nefnds dóms Hæstaréttar Íslands og 25. gr. laga nr. 35/1985 eigi stefnandi rétt til launa í eins mánaðar uppsagnarfresti. Stefnandi kveðst finna laun í uppsagnarfresti út með því að deila heildarlaunum sínum á tilteknu tímabili niður á lögskráningardaga hans á sama tíma. Stefnandi heldur því fram að laun hans fyrir tímabilið 1. nóvember 2005 til 5. febrúar 2006 hafi átt að vera 1.547.920 krónur en lögskráningardagar á tímabilinu hafi verið 87 dagar. Meðallaun fyrir hvern lögskráningardag hafi því verið 17.792 krónur. Því eigi hann að fá 533.760 krónur í laun á uppsagnarfrestinum, þar af sé orlof 49.272 krónur. Við þessa fjárhæð bætist síðan 7% vegna tapaðra lífeyrisgreiðslna á laun í uppsagnarfresti, 37.363 krónur. Samtals eigi hann því rétt á að fá greiddar 571.123 krónur í laun á uppsagnarfrestinum.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

15. til 31. október 2005

Aflahlutur	kr. 137.490
Starfsaldursálag	kr. 1.546
Hlífðarfatapeningar	kr. 2.046
Fæðispeningar (752*17)	kr. 12.784
<u>Orlof 10,17% á kr. 153.884</u>	kr. <u>15.650</u>
Samtals	kr. 169.534

Nóvember 2005

Aflahlutur	kr. 627.533
Starfsaldursálag	kr. 2.728
Hlífðarfatapeningar	kr. 3.642
Fæðispeningar (752*30)	kr. 22.560
<u>Orlof 10,17% á kr. 656.463</u>	kr. <u>66.762</u>
Samtals	kr. 723.225

Desember 2005

Aflahlutur	kr. 381.272
Starfsaldursálag	kr. 2.728
Hlífðarfatapeningar	kr. 3.642
Fæðispeningar (752*18)	kr. 13.563
<u>Orlof 10,17% á kr. 401.178</u>	kr. <u>40.800</u>
Samtals	kr. 441.978

Janúar 2006

Aflahlutur	kr. 134.272
Starfsaldursálag	kr. 2.824
Hlífðarfatapeningar	kr. 3.769
Fæðispeningar (752*16)	kr. 12.032
<u>Orlof 10,17% á kr. 152.879</u>	kr. <u>15.549</u>
Samtals	kr. 168.446

1. til 5. febrúar 2006

Aflahlutur	kr. 35.748
Starfsaldursálag	kr. 471
Hlífðarfatapeningar	kr. 628
Fæðispeningar (752*5)	kr. 3.760
<u>Orlof 10,17% á kr. 40.607</u>	kr. <u>4.130</u>
Samtals	kr. 44.737

Samkvæmt framanrituðu kveðst stefnandi hafa átt að fá greiddar 1.547.920 krónur í laun og orlof á ráðningartímanum. Hann hafi hins vegar eingöngu fengið greiddar 392.213 krónur fyrir vinnu sína. Þá kveðst stefnandi hafa fengið röng uppgjör frá stefnda sem ekkert mark sé takandi á. Stefnandi kveðst fara þá leið að ráðstafa launagreiðslum upp í elstu kröfurnar fyrst. Því séu laun fyrir október 2005 að fullu greidd svo og hluti launa fyrir nóvember 2005, að fráteknun orlofi. Því standi eftir að stefnandi hafi ekki fengið greiddar 418.134 krónur vegna nóvember 2005, 401.178 krónur vegna desember 2005, 152.897 krónur vegna janúar 2006, 40.607 krónur vegna febrúar 2006. Þá eigi hann eftir að fá greidd laun í uppsagnarfresti að fjárhæð 521.851 króna að meðtöldum lífeyrisgreiðslum og þá sé allt orlof ógreitt samtals að fjárhæð 180.254 krónur. Samtals sé þessi fjárhæð 1.714.921 króna sem sé stefnufjárhæð málsins. Þá kveður stefnandi stefnda engum greiðslum hafa skilað í staðgreiðslu skatta, lífeyrissjóð eða til stéttarfélags stefnanda. Af þeim sökum komi þeir liðir ekki til frádráttar launum hans.

Hvað lagarök varðar vísar stefnandi til sjómannalaga nr. 35/1985, einkum 6., 9., 27. og 32. gr. Þá byggir hann á kjarasamningi SSÍ og LIÚ, einkum greinum 1.04-1.12. Einnig almennum reglum vinnuréttarins um greiðslu verklauna og 1. gr. laga nr. 55/1980. Varðandi orlof vísar stefnandi til kjarasamningsins sem áður er getið svo og laga nr. 30/1987 um orlof. Krafa um dráttarvexti byggist á III. kafla laga nr. 38/2001. Krafa um málskostnað er reist á 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála og krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun byggist á lögum nr. 50/1988.

Stefndi heldur því fram að uppgjör launa stefnanda hafi verið með eðlilegum hætti. Launaseðill hafi verið gerður um hver mánaðamót eins og kjarasamningar geri ráð fyrir. Laun hafi verið greidd vikulega og síðan hafi uppgjör farið fram í samræmi við launaseðil fyrir 15. hvers mánaðar. Stefndi kveður heildarlaun stefnanda samkvæmt framlögðum launaseðlum hafa verið 655.572 krónur. Af þessari fjárhæð hafi hann fengið útborgaðar 498.326 krónur sem greiddar hafi verið inn á bankareikning stefnanda. Stefndi heldur því fram að fullnaðaruppgjör hafi farið fram í samræmi við samkomulag sem gert var við stefnanda.

Stefndi mótmælir því að frádráttur á launaseðlum komi ekki til frádráttar skuld enda séu þeir liðir greiddir, þeir umsamdir eða innheimtir hjá stefnda af viðkomandi aðila.

Af hálfu stefnda er þess krafist að ef uppgjör Verðlagsstofu skiptaverðs verði lagt til grundvallar skiptum þá verði þær fjárhæðir sem fram koma á launaseðlum dregnar frá kröfum stefnanda. Það gangi ekki að þær kröfur séu tvígreiddar. Stefndi mótmælir harðlega að stefnandi eigi rétt á launum í uppsagnarfresti.

Hvað lagarök varðar vísar stefndi til almennra reglna samninga- og kröfuréttar. Þá vísar hann til sjómannalaga. Kröfu um málskostnað reisir stefndi á 130. gr. laga um meðferð einkamála.

## IV

### Niðurstaða

Mál þetta var þingfest 12. september sl. Í því þinghaldi óskaði stefndi eftir fresti til að skila greinargerð, sem hann gerði 10. október sl. Þá var málinu frestað til 24. október sl. og tekið fyrir þann dag. Þá varð útivist af hálfu stefnda en málið var að kröfu stefnanda tekið til dóms. Í 96. gr. laga um meðferð einkamála eru ákvæði sem mæla fyrir um hvernig skuli fara með mál þegar útivist verður af hálfu stefnda. Í 3. mgr. 96. gr. segir að ef stefndi hefur lagt fram greinargerð áður en þingsókn hans fellur niður megi gefa stefnanda kost á að svara vörnum hans í skriflegri sókn. Stefnandi óskaði ekki eftir að leggja fram sókn í málinu heldur lagði hann málið þá þegar í dóm.

Stefndi lagði eins og áður er getið fram greinargerð í málinu og þá lagði hann einnig fram nokkuð af gögnum, svo sem afrit launaseðla og afrit innborgana til stefnanda. Þá fullyrðir stefndi að afdregin gjöld, þar með talin staðgreiðslugjöld,

hafi verið greidd. Það var í verkahring stefnanda að færa fram gögn sem sýndu að fullyrðingar stefnda væru rangar en það hefur hann ekki gert. Af þeim sökum er svo mikil óvissa um réttmæti krafna stefnanda að ómögulegt er að skera úr ágreiningsefni málsins eins og það liggur fyrir dóminum. Ber því að vísa málinu frá dómi.

Rétt þykir að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Halldór Halldórsson dómstjóri kveður upp úrskurð þennan.

## ÚRSKURÐARORÐ

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Halldór Halldórsson